

Fundargerð 307. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 307. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 7.september 2021 á Teams.

Efni fundar: Dagskrá:

1. Fyrirmyndarfyrirtæki afhending – hvað gekk vel og hvað má betur fara?
2. Kick off fundur sem haldinn var 26. ágúst á Teams.
3. Dagskrá faghópa sem send var út 6. september sl.
4. Fjárhagsstaða Stjórnvísí
5. Haustráðstefna Stjórnvísí haldinn þann 7. október nk. Á Grand Hótel.
6. Staða verkefna (áhversluverkefna og annarra verkefna)
7. Önnur mál

Dags.fundar: 7.sept. 2021	Tími: 11:00-12:00	Nr. fundar: 307
Fundarboðari: SH	Fundarritari: GA	Staður: Teams

Viðstaddir: Falasteen Abu Libdeh, Gunnhildur Arnardóttir, Haraldur Bjarnason, Jón Gunnar Borgþórsson, Laufey Guðmundsdóttir, Ósk Heiða Sveinsdóttir, Sigríður Harðardóttir og Stefán Hrafn Hagalín

Fjarverandi: Steinunn Ketilsdóttir, Baldur Vignir Karlsson.

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

1. **Fyrirmyndarfyrirtæki** Afhending viðurkenninga fór fram 20. ágúst sl. kl.12:00-13:00 á Nauthól. Athöfnin gekk vel fyrir sig og tók tæplega 50 mínútur í heildina enda vant fólk síðan í fyrra og skiptu SA, VI, Kauphöllin og Stjórnvísí með sér verkum. Magnús Harðarson forstjóri Kauphallarinnar flutti einstaklega áhugavert erindi sem sett var inn á vefinn og myndum var strax deilt til allra 15 aðilanna sem fengu viðurkenningu og fréttatilkynning send á alla fjölmiðla. Gætt var fyllsta öryggis og þess að eins metra reglu væri fylgt. Boðið var upp á hádegisverð.
2. **Kick off fundur** var haldinn 27. ágúst á Teams kl.08:45-10:00. Ákvörðun var tekin um að hafa fundinn á Teams. Samþykkt var á vinnufundi stjórnar í sumar að hafa dagskrá Kick Off fundarins svipaða og áður. Formaður setti fundinn og kynnti ítarlega mælaborð Stjórnvísí, framkvæmdastjóri fór yfir hlutverk stjórna faghópa og Falasteen sagði frá áhersluverkefni stjórnar sem hún er þátttakandi í „ Stuðningur við stjórnir faghópa“. Í september mun verða haldinn stuttur fundur fyrir þá sem áhuga hafa í stjórnnum faghópa um hvernig fundur er stofnaður, hvernig hann er settur á Teams o.fl. Það er Anna Kristín, formaður faghóps um verkefnastjórnun sem kynni.
3. **Dagskrá faghópa** sem send var út 6. september sl. 19 faghópar eru búnir að senda inn drög að 140 viðburðum í vetur, vel gert! Nokkrir faghópur eiga eftir að senda inn

dagskrá og er búið að hafa persónulega samband við formenn þeirra faghópa. Excel, góðir stjórnarnhættir, jafnlaunastjórnun, stafræn fræðsla, tæknifaghópur, öryggisstjórnun, verkefnastjórnun,

4. **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.** Staða félagsins er á áætlun. Öll félagsgjöld eru innheimt. Stefnt er að afgangi kr.1,5millj.
5. **Haustráðstefna Stjórnvísí** verður haldin þann 7. október nk. á Grand Hótel.

Hvenær: Haustráðstefna Stjórnvísí verður haldin á Grand Hótel og einnig verður streymt beint af staðnum. Þema ráðstefnunnar: "**Nýtt jafnvægi**"

Ráðstefnustjóri: Edda Bloomenstein framkvæmdastjóri framþróunar verslunar og viðskiptavina hjá BYKO. Pallborðsstjórnandi: Laufey Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Suðurlands.

Dagskrá:

FYRIRLESTUR: Háskólinn í Reykjavík : Nýtt jafnvægi í menntakerfinu, áskorun og ögrun. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, forseti sálfræðideildar Háskólans í Reykjavík

SPJALL: Íslandsbanki og Landsbankinn: Verkefnamiðað vinnurými: Úrlausnir, lærdómur, endurbætur og áskoranir. Hafsteinn Bragason mannauðsstjóri Íslandsbanka og Baldur Jónsson mannauðsstjóri Landsbankans.

Innlegg um sköpunargleði og nýtt jafnvægi. Birna Dröfn Birgisdóttir doktorsnemi í Háskólanum í Reykjavík.

FYRIRLESTUR: Stafrænt Ísland - Andri Heiðar Kristinsson framkvæmdastjóri Stafræns Íslands - helstu áskoranir og hefur náðst nýtt jafnvægi?

SPJALL: Friðheimar – Sprotafyrirtæki í ferðaþjónustu á landsbyggðinni fóta sig eftir faraldurinn

Sigríður Harðardóttir, formaður stjórnar Stjórnvísí setur ráðstefnuna kl. 09:00. Því næst munu verða flutt erindi og pallborðsumræður. Örstutt hlé verður gert eftir hvern fyrirlestur/pallborðsumræður þar sem ráðstefnugestir eru hvattir til að fara inn á "Slido" og skrá þar í einni setningu hver er þeirra helsti lærdómur af hverju erindi/pallborðsumræðu fyrir sig.

6. **Staða verkefna** (áhersluverkefna og annarra verkefna).

Verkefni stjórnar starfsárið: 2021-2022 (þrjú áhersluverkefni – í hverju felast þau – mælikvarðar)

oo= rauntíma mælaborð á síðu Stjórnvísí www.stjornvisi.is

ooo= [mælt árlega í viðhorfskönnun til félagsmanna](#)

- **Markaðsmál og sýnileiki Ósk Heiða, Stefán Hrafn, Haraldur.**
Hópurinn er búinn að hittast. 1. Ákváðu að varpa ljósi á þau fyrirtæki sem eru í félaginu nú þegar. Af hverju ertu að borga í Stjórnvísí? Styrkja vörumerkið með myndbandi. 2. Varpa ljósinu á fólk í faghópum, af hverju skiptir þetta máli og hvað ertu að fá út úr starfinu. (30 sek. Klippa). 3. Hvernig getum við fjölgað háskólanemum? 4. Búa til stutt myndbönd frá nokkrum stjórnnum faghópa með kynningu á hópnum.
 - i. Fjölgun fyrirtækja oo
 1. Fjölgun fyrirtækja með 200 eða fleiri starfsmenn oo

2. Fjölgun fyrirtækja með 100-199 starfsmenn oo
- ii. Fjölgun á heildarfjölda notenda (innri markaðssetning fyrirtækja) oo
- iii. Fjölgun virkra félaga oo
- iv. Fjölgun nýrra virkra félaga oo
- v. Aukning á nýskráningum í mánuðinum oo
- vi. Fjölgun nýrra háskólanema oo
- vii. Fagmennska sé ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum ooo
- viii. Stjórnin efli og viðhaldi trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfi skv. stefnu félagsins ooo
- ix. Stjórnvísí sé aðlaðandi og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu ooo
- x. Stjórnvísí þróist í takt við við síbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna og atvinnulífsins ooo
- xi. Framsæknir og hæfir einstaklingar starfi af heilindum fyrir félagið ooo
- xii. Framkvæmdastjóri félagsins hafi leiðtogahæfileika, sé sýnilegur og virkur ooo

- **Stuðningur við stjórnir faghópa Falasteen, Baldur Vignir, Steinunn.**

Hópurinn hittist og skiptust á hugmyndum en á eftir að festa betur á blað hvað verði gert. Það sem m.a. kom fram var að hafa mánaðarlega fundi með stjórnnum faghópa – hvað er verið að gera vel og hvað má betur fara. Ræddu hvort þau ættu að mæta á viðburðina þ.e. einn úr stjórn myndi mæta á alla fundi til að ná betri yfirsýn.

- i. Fjölgun viðburða oo
- ii. Fjölgun félaga á fundum oo
- iii. Aukning á virkni faghópa oo
- iv.** Aukning á félagafjölda í faghópum oo
- v. Aukning á virkum fyrirtækjum oo
- vi.** Viðburðir séu sýnilegir og auglýstir tímanlega ooo
- vii. Hækkun á NPS skori oo
- viii.** Félagar upplifi sig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni ooo
- ix.** Félagar öðlist aukið tengslanet með þátttöku í félaginu ooo
- x.** Ábendingar eigi sér skýran farveg ooo
- xi.** Stöðugt sé unnið að umbótum ooo
 1. Í upphafi hvers fundar bendi ábyrgðaraðilar á að eftir fundinn verði send út stutt könnun. Allir hvattir til að gefa sér örstutta stund og svara. Þar er tilvalið að koma með ábendingu um hvað betur má fara.
- xii.** Stjórn sé í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna ooo

xiii. Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim. ooo

1. Myndbönd
2. Stafræn fræðsla

- **Útrás Laufey, Sigríður, Jón Gunnar**

Ætla að hittast á morgun og halda fund.

- i. Dagskrá Stjórnvísí verði aðgengileg fyrir alla landsbyggðina
- ii. Fjölgun fyrirtækja á landsbyggðinni
- iii. Fjölgun kynninga og fyrirlesara af landsbyggðinni
- iv. Fjölgun erlendra fyrirlesara

7. Önnur mál.

○